

**Fundargerð 9. fundar  
Fræðsluráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
18. júní 2019 , kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Elín Björg Gissurardóttir formaður, Jónína Magnúsdóttir aðalmaður, Sverrir Rúts Sverrisson aðalmaður, Sigrún Halldórsdóttir aðalmaður, Anna Sóley Bjarnadóttir aðalmaður, Jóna María Víktorsdóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Þ. Kristjánsson fundarritari, .

**Fundargerð ritaði: Guðjón Þ. Kristjánsson, fundarritari.**

**1. Skólastjóri Leikskólans Gefnarborgar - 1810046**

Ingibjörg Jónsdóttir skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2019-2020. Hún fór yfir skóladagatalið og skýrði helstu áherslur í starfi skólans um þessar mundir.

**Gestir**

Ingibjörg Jónsdóttir skólastjóri -

*Afgreiðsla:*

*Fræðsluráð þakkar Ingibjörgu Jónsdóttur skólastjóra fyrir hennar innlegg á fundinn.  
Fræðsluráð staðfestir skóladagatal 2019-2020 fyrir leikskólann Gefnarborg.*

**2. Skólastjóri Leikskólans Sólborgar - 1810045**

Þórdís sem er fráfarandi meðstjórnandi og Þuríður sem er að taka við af Þórdísi mættu fyrir hönd skólastjóra Sólborgar sem komst ekki á fundinn Þær fóru yfir skóladagatal 2019-2020 og kynntu nýliðaprógram sem nýta á sem endurmenntunarprogram næsta haust og allt starfsfólk mun fara í gegnum. Þetta er 12 vikna program þar sem skerpt verður á lotum Hjallastefnunnar og kynjanámskrá og ætti að skila sér inn í starfið og bæta það svo um munar.

**Gestir**

Þuríður Dagný Þormar -

Þórdís Marteinsdóttir - 00:00

*Afgreiðsla:*

*Fræðsluráð þakkar Þórdísi og Þuríði fyrir þeirra innlegg á fundinn.  
Fræðsluráð staðfestir skóladagatal 2019-2020 fyrir leikskólann Sólborg.*

**3. Inntökureglur leikskóla - Suðurnesjabær - 1904037**

Inntökureglur fyrir leikskóla Suðurnesjabæjar voru samþykktar á 15. fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 5. júní 2019.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

#### 4. Skólastjóri Tónlistarskólans í Garði - 1810043

Eyþór Ingi Kolbeins skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2019-2020. Eyþór fór yfir skóladagatalið og skýrði helstu áherslur í starfi skólans um þessar mundir.

##### Gestir

Eyþór Ingi Kolbeins skólastjóri -

*Afgreiðsla:*

*Fræðsluráð þakkar Eyþóri Inga Kolbeins skólastjóra fyrir hans innlegg á fundinn.*

*Fræðsluráð staðfestir skóladagatal 2019-2020 fyrir Tónlistarskólann í Garði.*

*Fræðsluráð leggur áherslu á að lokið verði við skyggni við útihurð tónlistarskólans til að tryggja öryggi nemenda.*

#### 5. Skólastjóri Tónlistarskóla Sandgerðis - 1810044

Halldór Lárusson skólastjóri lagði fram skóladagatal Tónlistarskóla Sandgerðis fyrir skólaárið 2019-2020.

Hann fór yfir skóladagatalið og skýrði helstu áherslur í starfi skólans um þessar mundir.

##### Gestir

Halldór Lárusson skólastjóri -

*Afgreiðsla:*

*Fræðsluráð þakkar Halldóri Lárussyni skólastjóra fyrir hans innlegg á fundinn.*

*Fræðsluráð staðfestir skóladagatal 2019-2020 fyrir Tónlistarskóla Sandgerðis.*

#### 6. Sumarleyfi fræðsluráðs 2019. - 1808081

Formaður lagði fram tillögu um sumarleyfi fræðsluráðs.

Samkvæmt tillögunni verður næsti fundur fræðsluráðs þriðjudaginn 17. september 2019.

*Afgreiðsla:*

*Fræðsluráð samþykkir tillögu formanns samhljóða.*

Fundi slitið kl. 18:30.

---

---